



## Lýsingar á valgreinum

### Lota 1

23. ágúst - 5. nóvember 2021

#### Tasty

Nemendur og kennari útbúa verkáætlun í sameiningu þar sem viðfangsefnið er „Tasty“, réttir sem eldaðir eru eftir myndböndum sem finna má á [tasty.com](http://tasty.com) og oft má sjá bregða fyrir á samfélagsmiðlum.

Námsmat byggir á mætingu, frammistöðu og virkni í tímum.

#### Lopapeysugerð

Kósý tími þar sem nemendur læra helstu undirstöður og tækni í að þrjóna lopapeysu. Velja sér mynstur, lit og útfæra síðan eigin lopapeysu.

Námsmat byggir á mætingu, frammistöðu og virkni í tímum.

#### Myndmennt

Áfangi þar sem snert er á nokkrum greinum myndlistarinnar. Til dæmis: málun, vatnslitun, teiknun og gerð þrívíðra verka úr leir, pappamassa og gleri. Kennnd verður beiting áhalda á hverju sviði og mynddæmi sýnd þar sem efnin sem vinna á með eru í forgrunni.

Námsmat byggir á mætingu, frammistöðu og virkni í tímum.

#### Skólahreysti

Greinin er hugsuð fyrir þá sem vilja taka þátt í Skólahreystikeppni grunnskólanna. Æfðar verða sérstaklega þær greinar sem keppt er í. Þeir sem skrá sig í þennan áfanga munu hugsanlega keppa fyrir skólans hönd þegar þar að kemur. Nemendur þurfa að hafa lokið 7. stigi í sundi.

Námsmat byggir á ástundun, virkni í tímum og framkomu.

#### Jóga nidra

Í jóga verður farið í helstu stöður og teygjur í jóga en aðaláherslan er á núvitund, slökun og hugleiðslu. Markmiðið verður að nemandi læri að kyrra hugann og ná betri einbeitingu með hugleiðslu og slökun. Farið er í æfingar þar sem líkaminn er liðkaður, síðan farið í slökun og hugleiðslu. Mikil áhersla lögð á öndunaræfingar.

Námsmat byggir á mætingu, frammistöðu og virkni í tímum.

#### Boltaval

Boltaval er kynning á ýmsum boltaíþróttum. Kennslan fer að mestu fram í íþróttasal en einnig utanhúss þegar veður leyfir. Markmiðið er að allir hafi gaman af því að spila saman.

Námsmat byggir á mætingu, frammistöðu og virkni í tímum.

#### Spilavinir

Í þessu vali kynnast nemendur ýmiskonar borðspilum sem spiluð eru í smærri og stærri hópum sem og ýmsum spilum sem spiluð eru á spilastokk. Nemendur kynnast spilunum og reglum sem fylgja hverju spili fyrir sig.

Námsmat byggir á mætingu, frammistöðu og framkomu.



Stóru-Vogaskóli  
Virðing - Vinátta - Velgengi

### **Aðstoð í kennslu**

Nemendur kynnist fjölbreyttu starfi Stóru-Vogaskóla og fái innsýn í þau störf sem þar eru. Nemendur aðstoði yngri nemendur í kennslustund, t.d. í lestrarþjálfun eða öðrum greinum. Námsmat byggir á mætingu, frammistöðu og framkomu.

### **Frístund**

Nemendur vinna með yngri nemendum og hjálpa þeim í leikjum og verkefnum Frístundar. Námsmat byggir á mætingu, frammistöðu og framkomu.

## **Hálfsárs valgreinar** **Lota 1 og lota 2** **23. ágúst - 21. janúar 2022**

### **Hönnun og smíði**

Nemendur velja sér sjálfir viðfangsefni, sem þeir hanna og vinna að um veturinn. Námsmat byggir á mætingu, frammistöðu og virkni í tímum.

### **Kajak**

Í kajakróðri verða fjörur Vogavíkur og nánasta umhverfi skoðað. Í upphafi er farið yfir helstu öryggisatriði og áratök kennd. Farið er yfir nauðsynlegan búnað og meðferð hans, hverju þarf að huga að fyrir hverja ferð. Í kajakróðrum verða alltaf tveir kennarar sem sótt hafa tilskilin öryggisnámskeið. Ítrustu varkárni er gætt. Öryggisins vegna er nauðsynlegt að þeir nemendur sem eru í kajak hafi náð sundstigi síns bekkjar og stundi sundtíma. Námsmat byggir á mætingu, frammistöðu og virkni í tímum.

## **Valgreinar í boði** **Lota 2** **8. nóvember - 21. janúar 2022**

### **Ömmubakstur**

Markmið áfangans er að nemendur læri og kynnist aðferðum og uppskriftum sem ömmur okkar bökuðu. Allskonar góðgæti sem var á flestum veisluborðum eins og t.d. brauð, kökur, kleinur og fleira. Námsmat byggir á mætingu, frammistöðu og virkni í tímum.

### **Tónlist**

Ætlað nemendum sem hafa einhvern grunn á hljóðfæri eða mikinn áhuga á að prófa að spila með öðrum. Markmið er að nemendur fái tækifæri til að prófa sig áfram sjálfir á hljóðfæri, hafa gaman og spila saman. Hlutverk kennara að vera til staðar, styðja nemendur og hjálpa þeim að hjálpa sér sjálfum. Námsmat byggir á mætingu, frammistöðu og virkni í tímum.

### **Myndmennt**

Áfangi þar sem snert er á nokkrum greinum myndlistarinnar. Til dæmis: málun, vatnslitun, teiknun og gerð þrívíðra verka úr leir, pappamassa og gleri. Kennð verður beiting áhalda á hverju sviði og mynddæmi sýnd þar sem efnin sem vinna á með eru í forgrunni. Námsmat byggir á mætingu, frammistöðu og virkni í tímum.

### **Skólahreysti**

Greinin er hugsuð fyrir þá sem vilja taka þátt í Skólahreystikeppni grunnskólanna. Æfðar verða sérstaklega þær greinar sem keppt er í. Þeir sem skrá sig í þennan áfanga munu hugsanlega keppa fyrir skólans hönd þegar þar að kemur. Nemendur þurfa að hafa lokið 7. stigi í sundi.

Námsmat byggir á ástundun, virkni í tímum og framkomu.

### **Sápur og bombur**

Nemendur læra að búa til sápur, varasalva, baðbombur, andlitskrem og aðrar lífrænar hreinlætis- og snyrtivörur.

Námsmat byggir á mætingu, frammistöðu og virkni í tímum.

### **Kvikmyndir**

Frábært val fyrir kvikmyndaáhugafólk. Horft verður á kvikmyndir sem kennari og nemendur velja í sameiningu og ýmis verkefni unnin í tengslum við þær.

Námsmat byggir á mætingu, frammistöðu og virkni í tímum.

### **Vélbúnaður og flug**

Valið er tvískipt, tekið verður fyrir flug og einnig vélbúnað. Farið verður í helstu grunnhugtök og lögmál í flugi og tengt vélum. Fræðsla, umræður og hópaverkefni um flug og vélbúnað.

Fjölbreytt verkleg verkefni og prófanir. Horft verður á sjónvarpsefni tengt þessum tveim greinum og unnin verkefni. Stefnt er að því að fara í vettvangsheimsóknir.

Námsmat byggir á mætingu, frammistöðu og virkni í tímum.

### **Aðstoð í kennslu**

Nemendur kynnist fjölbreyttu starfi Stóru-Vogaskóla og fá innsýn í þau störf sem þar eru.

Nemendur aðstoða yngri nemendur í kennslustund, t.d. í lestrarþjálfun eða öðrum greinum.

Námsmat byggir á mætingu, frammistöðu og virkni í tímum.

### **Frístund**

Nemendur vinna með yngri nemendum og hjálpa þeim í leikjum og verkefnum Frístundar.

Námsmat byggir á mætingu, frammistöðu og framkomu.

## FS valgreinar í boði Allt skólaárið

### **Stærðfræði - STÆR2AH05**

Fyrir öfluga nemendur í 10. bekk og þá nemendur sem eru búnir með námsefni 9. bekkjar.

### **Enska – ENSK2KO05**

Fyrir öfluga nemendur í 10. bekk og þá nemendur sem eru búnir með námsefni 9. bekkjar.

### **Spænska – SPÆN1SO05**

Aðeins fyrir nemendur í 10. bekk, þurfa að vera það góðir í tungumálum/íslensku þannig að þeir geti bætt við tungumáli.

### **Þýska – ÞÝSK1PO05**

Aðeins fyrir nemendur í 10. bekk, þurfa að vera það góðir í tungumálum/íslensku þannig að þeir geti bætt við tungumáli.

### **Húsasmíði - HÚSA1KY05**

Fyrir áhugasama og metnaðarfulla nemendur í 9. og 10. bekk.

### **Rafmagn – RAFG1KY05**

Fyrir áhugasama og metnaðarfulla nemendur í 9. og 10. bekk.

### **Textíl og hár – TXHÁ1FH05**

Fyrir áhugasama og metnaðarfulla nemendur í 9. og 10. bekk.

### **Leikjaforritun – FORR1LE05**

Fyrir áhugasama og metnaðarfulla nemendur í 9. og 10. bekk, þurfa að hafa góð tök á stærðfræði.